



Skaftárhreppur

Yfirlitsræða sveitarstjóra



2024

I. Inngangur:

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 var lögð fram til fyrri umræðu 13. nóvember 2024 og er til endanlegrar afgreiðslu við síðari umræðu 17. desember 2024. Þriggja ára áætlun var lögð til fyrri umræðu á sama fundi sveitarstjórnar og var henni vísað til síðari umræðu og afgreiðslu í sveitarstjórn á sama tíma.

Sveitarstjórn hittist á vinnufundi 9. desember 2024 og fór yfir fjárhagsáætlun eftir lyklum og deildum. Fjárfestingaáætlun var jafnframt rædd. Auglýst var á heimasíðu sveitarfélagsins frá 5. nóvember 2024 eftir ábendingum og tillögum frá íbúum vegna fjárhagsáætlunargerðar, nokkrar ábendingar og óformlegar tillögur bárust.

Nokkrar lykiltölur og forsendur fyrir árið 2025 .

- Rekstur fyrir fjármagnsliði 2025 er jákvæður um 126. mkr. Útkomuspá fyrir árið 2024 gerir ráð fyrir 128,7. m.kr. Rekstur fyrir fjármagnsliði var um 65,5. m.kr. árið 2023.
- Fjármagnsliðir eru áætlaðir um 39,6 milljónir 2025. Útkomuspá fyrir árið 2024 gerir ráð fyrir um 40,6. m.kr., en fjármagnsliðir voru um 36,5. mkr. 2023.
- Rekstrarniðurstaða er jákvæð um 86 milljónir árið 2025 en var jákvæð um 30. m.kr. 2023. Útkomuspá fyrir árið 2024 gerir ráð fyrir um 88. mkr. afgangi af rekstri Skaftárhrepps.
- Veltufé frá rekstri er áætlað um 164,5. m.kr. 2025. Var um 98. m.kr. 2023. Útkomuspá fyrir árið 2024 gerir ráð fyrir 162,6. mkr. veltufé frá rekstri.
- Gert er ráð fyrir 4,2% meðal-verðbólgu á árinu 2025, samkvæmt spám.

Reikna má með að óróleiki á vinnumarkaði og gerð kjarasamninga á vettvangi hins opinbera, geti haft áhrif á fjárhagsáætlanir sveitarfélaga. Þó hafa lífskjarasamningar sem gerðir voru, lagt ákveðnar línur. Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir 5,6 % hækkun launavísitölu á ársgrundvelli, samkvæmt spá. Launakostnaður 2023 var um 464. m.kr., útkomuspá 2024 gerir ráð fyrir um 476 m.kr., en fyrir árið 2025 er gert ráð fyrir um 513 m.kr. launakostnaði.

Þrátt fyrir framkvæmdir í okkar samfélagi á undanförunum misserum, þá hefur góður árangur náðst í rekstri Skaftárhrepps og allar kennitölur sýna að hann er í góðu jafnvægi. Miklu máli skiptir að halda áfram á sömu braut og áfram verður gerð sú krafa til forstöðumanna að gæta aðhalds í öllum rekstri og verða innkaupa og sérfræðiþjónustukaup sveitarfélagsins skoðuð sérstaklega á nýju ári. Með nýjum fjármálastjóra verður tekið upp aukið eftirlit með rekstri málaflokka og deilda, og tekin staða mánaðarlega og síðan ársfjórðungslega, og borin saman rekstur deilda við fjárhagsáætlun.

II. Íbúapróun:

Íbúapróun hefur verið nokkuð stöðug ef litið er til síðustu ára.


Íbúum hefur fjölgað um 31 frá 1. janúar 2023 og voru 711 íbúar í byrjun janúar 2024.

	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	Mism. á 10 árum	
Skaftárhreppur	460	470	475	560	583	627	624	641	680	711	251	54,6%
Mýrdalshreppur	480	525	562	633	695	719	758	814	877	1082	602	125,4%
Hornafjörður	2.150	2.171	2.187	2.306	2.389	2.434	2.387	2.450	2.547	2.732	582	27,1%

Samtals: 3.090 3.166 3.224 3.499 3.667 3.780 3.769 3.905 4.104 4.525 1.435 46,4%

Íbúatala 1. janúar ár hvert skv. Þjóðskrá Íslands

Hér að neðan má sjá íbúapróunina í Skaftárhreppi og Mýrdalshreppi. Íbúum hefur fjölgað hjá báðum sveitarfélögum. Íbúum sveitarfélaganna hefur fjölgað um 853 á síðustu 10 árum eða um 90,7%



Íbúar Skaftárhrepps voru 711 samkvæmt tölum frá Þjóðskrá þann 1. janúar 2024. Árið 2010 voru íbúar Skaftárhrepps um 48,95% af íbúum V-Skaftafellssýslu. Hlutfall íbúa Skaftárhrepps í janúar 2024 er 39,6% af íbúum V-Skaftafellssýslu.

III. Skatttekjur, Jöfnunarsjóður og aðrar tekjur:

Skatttekjur:

2022 Rauntölur	2023 Rauntölur	2024 Útkomuspá	2025 Áætlun
774.476	901.819	897.749	951.278

Skatttekjur Skaftárhrepps aukast á milli áranna 2022 og 2024 um 57 m.kr. eða um 7,4%. Tekjuaukning milli áranna 2022 og 2025 er um 177 mkr. eða 22,8% hækkun á því tímabili.

Nánari sundurliðun skatttekna:

Útsvar:

Miðað er við að útsvarshlutfall fyrir árið 2025 verði hámarksútsvar, þ.e. 14,97% af útsvarsstofni. Stuðst var við upplýsingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga við áætlun útsvars auk áhrifa af kjarasamningsbundnum hækkunum sem reiknaðar voru til hækkunnar. Áætlaðar tekjur vegna útsvars verði um 473 milljónir króna.

Fasteignaskattur:

A-flokkur - af fasteignamati íbúðarhúsnæðis 0,55%

B-flokkur - af fasteignamati bygginga í opinberri eigu 1,32%

C-flokkur – af fasteignamati annarra eigna 1,65%

Fasteignaskattur 2025 er áætlaður um 165 milljónir króna.

Holræsagjald fyrir eignir í þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna er 0,25% af fasteignamati allra húsa og lóða.

Gjalddagar fasteignagjalda 2025 verða 8.

Fasteignagjöld hækka um 9,6% á milli ára. En helsta ástæða þess að er að fasteignum í álagningastofni hefur fjölgað, og er hækkun hans um 500 milljónir umfram hækkun á fasteignamati er talsvert vegna skráningar, byggingafulltrúa á löngu byggðum fasteignum.

Sorpeyðingargjöld verða allt frá kr. 74.000 kr/íbúð. Til íbúða teljast heimili í dreifbýli, íbúðir á Kirkjubæjarklaustri og lögbýli þar sem stundaður er búrekstur í atvinnuskyni.

Sorpeyðingargjöld á frístundahús, sumarhús, hesthús og gripahús í þéttbýli verða kr. 32.800.

Sorpeyðingargjald fyrir fyrirtæki og atvinnurekstur á lögbýlum annar en búrekstur í atvinnuskyni, verða allt frá 114.000 kr.

Allir einstaklingar, sem greiða sorpgjald eða sorpeyðingargjald (sem sagt ekki fyrirtæki), fá árlega rafrænt klippikort sem inniheldur losun á 4 m³ af gjaldskyldum úrgangi og gildir út árið. Til að komast inn á móttökustöðvar þurfa notendur að sýna klippikort. Einungis er klippt fyrir gjaldskyldan úrgang en ekki þegar tekið er á móti ógjaldskyldum úrgangi. Tilgangur klippikortsins er að flokkun verði markvissari og að kostnaður verði greiddur af þeim sem stofna til hans. Kortið veitir aðgang að svæðinu og því er nauðsynlegt að hafa klippikortið meðferðis þegar farið er á gámasvæðið hvort sem um gjaldskyldan eða ógjaldskyldan úrgang er að ræða. Hvert klipp er upp á 0,25 m³ sem samsvarar 240 lítra heimilistunnu.

Jöfnunarsjóður:

Framlög Jöfnunarsjóðs eru áætluð á milli ára og er gert ráð fyrir um 314 m.kr. framlagi frá Jöfnunarsjóði á árinu 2025. Framlög Jöfnunarsjóðs nema um 25,8 % af tekjum samstæðunnar.

Gjaldskrár:

Í fjárhagsáætlunargerð 2025 var reynt að stilla gjaldskrárbreytingum í hóf.

- Álagningarprósenta íbúðarhúsnæðis er óbreytt 0,55%, holræsagjald er óbreytt 0,25%
Álagning á C-flokk er óbreytt 1,65%.
- Gjaldskrá byggingarleyfa og skipulagsmála, gatnagerðargjöld og gjaldskrá slökkviliðs taka breytingum miðað við vísitölu neysluverðs.
- Gjaldskrá um skólamötuneyti fellur niður, gjaldskrá leikskóla, gjaldskrá tónlistarskóla, gjaldskrá um gæludýrahald og leiga á félagsheimili eru óbreyttar á milli ára.
- Gjaldskrá fyrir sundlaug og íþróttahús er að mestu óbreytt frá fyrra ári.

- Húsaleiga eldri leigusamninga fylgir vísitölu og breytist 1. janúar og 1. júlí. Nýjir leigusamningar eru með fasta leigu sem nemur 5,5% af fasteignamati.

Lántökur og afborganir lána:

Gert er ráð fyrir lántöku að upphæð 200 m.kr. Afborganir langtímalána verði um 54 m.kr. Stefnt er að því að handbært fé verði um 52 m.kr. í árslok 2025. Langtímaskuldir munu hækka um 170 m.kr. á árinu.

Veltufé frá rekstri og skuldbindingar:

Veltufé frá rekstri A og B hluta er áætlað um 165 m.kr. en var um 163 milljónir á árinu 2024 að teknu tilliti til útkomuspár fjárhagsáætlunar þess árs. Reiknað er með að langtímaskuldir samstæðunnar verði um 671 m.kr. í árslok 2025, en voru 413 m.kr. í árslok 2023. Skammtímaskuldir eru áætlaðar 172 milljónir en þær voru 146 milljónir í árslok 2023. Gert er ráð fyrir að lífeyrisskuldbindingin hækki um 2 milljónir á milli árunna 2024 og 2025.

Fjárfestingar:

Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir um 390 m.kr. á árinu 2025. Annað árið í röð þá eru framkvæmdir við Kirkjubæjarskóla, m.a. viðbygging, lagfæring að innan, frágangur að utan og á lóð, lagfæring á íþróttasal, endurnýjun á dælubúnaði sundlaugar, viðhald á Félagsheimilinu Kirkjuhvoli ásamt byrjun á byggingu á nýjum leikskóla, stærstu einstöku fjárfestingar sveitarfélagsins. Hér að neðan má sjá lista yfir helstu fjárfestingar sveitarfélagsins.

Helstu framkvæmdir á árinu 2025

Eignarsjóður	
Nafn deildar:	Áætlun 2025:
Kirkjubæjarskóli	87.000.000
Leikskólinn Kæribær	197.000.000
Íþróttahús	11.000.000
Sundlaug	7.000.000
Sparkvöllur	1.000.000
Herjólfssstaðaskóli	2.800.000
Kirkjuhvoll	8.500.000
Dvalarheimili*	6.000.000
Bókasafn	1.500.000
Gatnakerfi	19.000.000

Íbúðir aldraðra:	
Nafn deildar:	Áætlun 2025:
Klausturhólavegur 1 og 3	5.800.000

Leiguíbúðir:	
Nafn deildar:	Áætlun 2025:
Rekstur leiguhúsnæðis	18.000.000

Félagslegar íbúðir	
Nafn deildar:	Áætlun 2025:
Félagslegar íbúðir	4.000.000


Fráveita	
Nafn deildar:	Áætlun 2025:
Rekstur fráveitu	19.000.000

IV. Samantekt á rekstri málaflokka:


	2020 Rauntölur	2021 Rauntölur	2022 Rauntölur	2023 Rauntölur	2024 Útkomuspá	2025 Áætlun
02 Félagsþjónusta	31.370	36.206	33.052	33.052	39.866	42.845
03 Heilbrigðismál	1.016	935	758	758	979	1.017
04 Fræðslu- og uppeldismál	278.590	331.245	376.250	376.250	361.608	383.915
05 Menningarmál	17.864	18.961	18.484	18.484	33.651	40.515
06 Æskulýðs- og íþróttamál	82.885	88.182	97.946	97.946	111.188	111.465
07 Brunavarnir og alm. Varnir	19.444	21.715	23.243	23.243	38.640	45.629
08 Hreinlætismál	9.884	15.806	12.529	12.529	3.340	3.470
09 Skipulags- og bygg.mál	31.573	41.609	24.548	24.548	27.038	27.895
10 Umferðar- og samg.mál	10.728	7.328	11.111	11.111	10.078	12.471
11 Umhverfismál	3.880	2.938	2.377	2.377	4.311	4.493
13 Atvinnumál	12.796	5.208	30.268	30.268	32.203	30.034
21 Sameiginl. kostn.	84.845	85.555	105.372	105.372	102.217	109.077

Upphæðir í þúsundum kr.

Próun útgjalda á málaflokkum á árunum 2020-2025



Hlutfall af skatttekjum hvert ár




Rekstrarleg afkoma

Skaftárhreppur samanburður frá 2021 til 2025

	2021	% af tekjum	2022	% af tekjum	2023	% af tekjum	2024*	% af tekjum	2025**	% af tekjum
Tekjur samtals:	815.109		960.759		1.039.399		1.132.841		1.217.586	
Laun og launatengd gjöld:	425.158	52,2%	510.866	53,2%	463.910	44,6%	476.009	42,0%	513.460	42,2%
Annar rekstrarkostnaður:	343.709	42,2%	417.897	43,5%	496.039	47,7%	484.436	42,8%	526.210	43,2%
Rekstrarkostnaður samtals:	768.867	94,3%	928.763	96,7%	959.949	92,4%	960.445	84,8%	1.039.670	85,4%
Framlegð	46.242	4,8%	31.996	3,1%	79.450	7,6%	172.396	15,2%	177.916	14,6%

*Útg.spá - **áæt. næsta árs



Tekjur Skaftárhrepps frá árinu 2021 eru áætlaðar um 67% hærrí á árinu 2025 miðað við áætlun. Rekstur hefur á sama tímabili hækkað um 35%.

V. Þriggja ára áætlun:

Í þriggja ára áætlun sveitarfélagsins 2026-2028 kemur fram að reksturinn er í góðu jafnvægi. Helstu atriði þriggja ára áætlunar eru:

- Skuldir munu aukast lítilsháttar
- Framkvæmdir sveitarfélagsins eru áætlaðar um 856 m.kr. á tímabilinu.
- Stærstu einstaka framkvæmdirnar eru bygging leikskóla, gatnagerð, bygging frárennslislagna og áframhaldandi viðhald á eignum sveitarfélagsins.

Helstu framkvæmdir á árin 2026, 2027 og 2028			
Eignarsjóður			
Nafn deildar:	Áætlun 2026:	Áætlun 2027:	Áætlun 2028:
Kirkjubæjarskóli	55.000.000	17.500.000	20.000.000
Leikskólinn Kæribær	150.000.000	50.000.000	21.000.000
Íþróttahús	2.500.000	12.000.000	45.000.000
Sundlaug	4.250.000	52.000.000	8.000.000
Sparkvöllur	500.000	7.500.000	1.100.000
Herjólfsstaðaskóli	1.000.000	3.000.000	4.500.000
Múlatotsskóli	2.500.000	1.000.000	4.500.000
Kirkjuhvoll	5.000.000	4.500.000	11.000.000
Dvalarheimili	7.500.000	4.000.000	15.000.000
Bókasafn	1.000.000	750.000	2.500.000
Stökkvistöð	1.800.000	1.000.000	36.000.000
Geymslustöð	750.000	750.000	11.000.000
Gatnakerfi	16.000.000	30.000.000	52.000.000
Íbúðir aldraðra:			
Nafn deildar:	Áætlun 2026:	Áætlun 2027:	Áætlun 2028:
Klausturhólavegur 1 og 3	1.500.000	4.250.000	24.000.000
Leiguíbúðir:			
Nafn deildar:	Áætlun 2026:	Áætlun 2027:	Áætlun 2028:
Rekstur leiguhúsnæðis	9.100.000	11.000.000	21.300.000
Félagstegar íbúðir			
Nafn deildar:	Áætlun 2026:	Áætlun 2027:	Áætlun 2028:
Félagstegar íbúðir	3.000.000	4.500.000	2.600.000
Fráveita			
Nafn deildar:	Áætlun 2026:	Áætlun 2027:	Áætlun 2028:
Rekstur fráveitu	11.000.000	55.000.000	45.000.000

VI. Lokaorð:

Fjárhagsáætlun 2025 ber þess merki að nýjar áherslur eru lagðar til við rekstur sveitarfélagsins. Mörg viðfangsefni bíða sveitarfélagsins í nánustu framtíð og því er mikilvægt að halda vel utan um það sem við höfum, og huga vel að þeim fjárfestingum og þeirri innviðaupbyggingu, sem nauðsynleg er, og fylgir fjölgun íbúa og aukinni atvinnustarfsemi á svæðinu. Við þær aðstæður er óhjákvæmilegt að auka skuldir sveitarfélagssins tímabundið, en það skilar sér fljótt til baka með auknum tekjum, bæði með útsvari, fasteignagjöldum og auknum tekjum af atvinnustarfsemi.

Á næstu árum mun sveitarfélagið ráðist í miklar fjárfestingar á íþróttamannvirkjum, leikskóla, grunnskóla, fráveitu, gatnagerð, lagfæring á útivistarsvæðum, svo eitthvað sé nefnt, sem og mörg önnur viðhaldsverkefni í sveitarfélaginu s.s. við Klausturhóla, endurnýjun á Skaftárvöllum 1 ofl.þ.h.

Fjárfestingar og rekstur sveitarfélagsins á næstu árum, mun bera þess merki að það eru uppi gjörólíkar áhersla í rekstri sveitarfélagsins en á undanförunum árum. Það sést best á því að sveitarfélagið mun ráðstafa mun meira fjármagni til fjárfestinga en áður og nú er lögð meiri áhersla á viðhald fasteigna sveitarfélagsins sem og mörg brýn umhverfisverkefni s.s. uppbygging skólalóðar. Stærsta einstaka fjárfesting næstu ára hjá sveitarfélaginu, er færsla leikskólans, viðbygging við grunnskólann, lagfæring á Íþróttasal og uppbygging gatna og íbúðahúsnæðis. Sveitarfélagið mun leggja ríka áherslu á að tryggja land undir íbúðabyggingu í og við þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri ef það gengur eftir þarf að breyta fjárhagsáætlun næstu ára með tilliti til þess. Sveitarfélagið áætlað að halda áfram samstarfsverkefni við Brák um uppbyggingu íbúðahúsnæðis á Kirkjubæjarklaustri.

Við mat á rekstri sveitarfélaga er ekki nægjanlegt að horfa til reksturs og skulda sveitarfélags heldur þarf jafnframt að horfa til þarfa á innviðafjárfestingu í viðkomandi sveitarfélagi og hvaða lagakröfur eru uppi sem leggja kröfur á sveitarfélög að leggja út í frekari fjárfestingar. Þegar horft er til þessa þátta er staða Skaftárhrepps sterk. Innviðir sveitarfélagsins eru sterkir. Helstu innviðir eru fyrir hendi sem sveitarfélag þarf í sinni grunnstarfsemi, og því mögulegt að fjölga íbúum umtalsvert án þess að þurfa að leggja í miklar fjárfestingar til þess að mæta þeirri fjölgun.

Sveitarfélagið mun vinna að því ötullega næstu misserin, að leita leiða við að efla atvinnulífið á svæðinu með sköpun nýrra starfa. Markmiðið er að efla samkeppnishæfni svæðisins og jafnframt vinna að markaðssetningu svæðisins sem kost til búsetu. Nýta þarf þá vinnu sem unnin hefur verið, og þá athygli sem sveitarfélagið vekur til þess að efla atvinnulíf, enn frekar, bæði í tengdri starfsemi sem nú þegar er rekin í sveitarfélaginu og í annari óskyldri starfsemi til þess að auka fjölbreytni starfa.

Á árinu 2024 hafa flestar fjárfestingar sem áætlaðar voru skilað sér, má þar helst upptelja, lagfæring á grunnskóla svo sem matsal, verkgreinastofum, gluggaskipti, ný leiktæki keypt, sett nýtt þak efni á mótuneytisálmum og sett upp ofl., lagfæring á íbúðahúsnæði, skipt um þak og þakkannt á Skerjavöllum 3 og 5 og Klausturhólavegi 2, íbúð að Klausturhólum 4, klárað við framkvæmdir að Skaftárvöllum 4, byrjað að endurnýja Skaftárvelli 1. Annað húsnæði: skipt var um yfirbreiðslu á sundlaug, settar voru upp varmadætur í leikskólanum, girðing við leikskóla

löguð, byrjað var á framkvæmdum við nauðsynlegt viðhald á Félagsheimilinu Kirkjuhvoli svo eitthvað sé upptalið.

Stefnt er að því að sveitarfélagið skili rekstrarafgangi árið 2025 eða u.þ.b. 86. mkr., en það er nauðsynlegt svo að reksturinn sé alveg sjálfbær. Ljóst er að sumar forsendur fjárhagsáætlunar 2025 eru óljósar en þá skiptir líka máli að geta brugðist við til þess að mæta óvissuþáttum í okkar umhverfi.

Við gerð þessarar fjárhagsáætlunar var, eins og áður, mjög treyst á vinnu forstöðumanna og annara stjórnenda Skaftárhrepps. Ég vil þakka fyrir vinnu þeirra við þessa fjárhagsáætlun. Þeir sýna almennt ábyrgð varðandi sínar áætlanir og óskir um viðbót eða nýmæli. Þá vil ég þakka sveitarstjórn góða samvinnu og ítreka mikilvægi þess að kjörnir fulltrúar nái saman um stóru myndina, um framtíðarsýn sveitarfélagsins, og hvernig við viljum byggja upp áhugavert samfélag, bæði fyrir íbúana og atvinnulífið.

Það eru bjartir tímar framundan, í Skaftárhreppi.

Einar Kristján Jónsson,
sveitarstjóri